



RÍKISSÁTTASEMJAR I

Fylgiskjal 2 (P.)  
Fylgiskjal 2

## Samkomulag um samstarfsvettvang

### Samkomulag um

## SAMSTARFSVETTIVANG

### Isavia, Félags flugmálastarfsmanna ríkisins og Sameykis stéttarfélags í almannaþjónustu

#### Almenn atriði

1. Aðilar að samkomulagi þessu samþykkja að gangsetja samstarfshóp sem fundar reglulega að lágmarki 4 sinnum á ári. Samstarfshópurinn er skipaður þremur fulltrúum frá hverjum aðila samkomulagsins og velur hver aðili fulltrúa sína frá skrifstofu félaganna eða/og úr hópi félagsfólks, sem starfar hjá Isavia.
2. Markmiðið með starfi hópsins er að vinna að umbóta- og framfaraverkefnum sem tengjast vinnuumhverfi, þjónustu, framkvæmd kjarasamninga og fleiru sem styður við markmið Isavia og kjarasamninga.
3. Á samstarfsvettvangi skal fjalla um þau mál sem varða vinnuaðstöðu, vinnuskiplag, framgangskerfi kjarapróunar, menntunar- og þjálfunarleiðir auk annars sem stuðlar að góðri samstöðu innan veggja fyrirtækisins.
4. Á samstarfsvettvangi skal fjalla um framgangskerfið og vinna að samkomulagi um launaþróunar- og launamyndunarkerfi félagsfólks.
5. Á árinu 2024 skal nefndin meðal annars taka fyrir eftirtalin atriði vegna útfærslu vaktavinnunnar í óskavaktakerfi og vinna að því að:
  - auka sýnileika og gagnsæi
  - starfsfólk njóti tveggja samliggjandi frídaga í hverri viku að jafnaði
  - vaktir verði ekki styttri en 6 klst. hverju sinni
  - lágmarka skuld eða inneign á vinnutíma í skráningu vinnuframlags í viðverukerfum eins og Vinnustund og MyTimePlan nema að ósk starfsmanns
  - þjálfun, endur- og símenntun fari fram á vinnutíma (td. CPT og Áttavitinn) þar sem því verður við komið

#### Fundir og fundagerðir

Að jafnaði skal halda fundi samstarfsettvangs fjórum sinnum á ári eða þegar að einhver aðili samkomulagsins óskar eftir því. Ákvarðanir skulu ritaðar í fundargerð og skal hún samþykkt í lok hvers fundar. Hver aðili getur óskað þess á gildistíma kjarasamnings aðila á tímabilinu 2024-2028 að fundir verði haldnir í húsakynnum ríkissáttasemjara og undir hans stjórn.

Reykjavík 7. maí 2024

Fyrir hönd Isavia

Róbert Melmøy  
Ejfiur Geirs.

Fyrir hönd FFR

Umar Ólafsson  
Pállur

Fyrir hönd Sameykis

Þurvaldur